

Snorri Sturluson
Kennsluverkefni

Markmið: Að nemendur læri um ævi Snorra Sturlusonar

Aldur: Miðstig

Áherslur: Leiklist, lífsleikni, mannkynssaga

Gögn: Stór garnhnykill, bréf

Kennsluleiðir: Sjónsköpun, kyrrmyndir, spuni, slúðurhringur, skrifað í hlutverki, samviskugöng, paravinna, innri raddir, fundur, kennari í hlutverki, kastljós, örlagavefur.

Kveikja:

Sögumaður (Kennarinn í hlutverki sögumanns. Nemendur sitja í hring):

Nú skuluð þið loka augunum og fylgja mér aftur til 12. aldar. Þið búið á Íslandi. Bærinn heitir Hvammur og er í Dölunum. Það er langt á milli bæja og fólkið býr í torfhúsum. Þið eigið heima á bæ Sturlu sem er goði þ.e.a.s. einn af höfðingjunum. En um þessar mundir voru 39 goðar á landinu. Það er margt að gerast á heimili Sturlu en lífið var öðruvísi á 12. öld en það er núna. Hvað getið þið sagt mér um lífið á þessum tíma? (nemendur koma með upplýsingar um lifnaðarhætti, störf, fatnað, fæði, trú, tungumál, vopn, útlit o.s.frv.)

Kyrrmyndir: (Nemendur vinna saman, fjórir í hverjum hópi).

Nú eigið þið að ákveða hver þið eruð. Þið ákveðið hvort þið eruð karl eða kona, aldur, nafn og starf ykkar á bænum. Sumir voru húsbændur, aðrir hjú; það voru mörg börn á hverju heimili og aldraðir hjálpuðu til.

- Hópur eitt: Þegar þið hafið valið ykkur persónur sem ykkur langar til að leika þá sýnir hópurinn kyrrmynd af því fólki í útistöfum á 12. öld.
- Hópur tvö: Þið sýnið ykkar persónur við trúariðkun. Hvaða trú hafði fólkið?
- Hópur þrjú: Þið fáiið það verkefni að skapa kyrrmynd af lífi að kvöldlagi. Hvað gerist þar?
- Hópur fjögur: Þið útbúið kyrrmynd af bændum þegar þeir grípa til vopna.
- Hópur fimm: Þið sýnið okkur konur við innistörf. Hvað gerðu konur?

(Kennarinn gengur á milli og spyr hvern hóp spurninga eins og:

- Hver ert þú?
- Hvað ertu að gera?
- Hver er staða þín á bænum?

Sögumaður:

Svona var lífið í gamla daga. Það var strit og púl og töluverð fátækt en flestir undu glaðir við sitt. Fólkið þekkti ekkert annað.

Kennari í hlutverki:

Kennarinn kemur inn í hlutverki ljósmóður og tilkynnir fæðingu Snorra sonar Sturlu (setur á sig skuplu). Tilkynnt er að fæddur sé þriðji strákurinn.

Spuni: (Nemendur í sömu hópum)

- Hópur eitt fær það verkefni að spinna upp atburðarás þar sem Sturla kemur að sæng Guðnýjar konu sinnar. Þeir sýna hvernig Guðný tekur á móti honum. Guðný fer með vísur fyrir Snorra og telur barnið strax hafa skáldagáfu. Sturla ákveður nafn á barnið. Ljósmóðirin er einnig til staðar sem og móðir Guðnýjar. Er Sturla stoltur af drengnum eða er þetta einungis eitt barnið enn.
- Hópur tvö sýnir bræður Snorra, þá Sighvat og Þórð, þegar þeir sjá barnið. Þeir eru afbrýðisamir og öfundsjúkir yfir því hve Snorra er hampað. Guðný móðir þeirra svarar þeim. Er staða bræðranna ólík stöðu Snorra?
- Hópur þrjú. Þið eruð heimilisfólk í Hvammi sem hefur áhyggjur af því hve Sturla á í sífellum deilum og stríði og veltið fyrir ykkur hvort þessi litli drengur muni fljótt grípa til vopna með föður sínum eða hvort hann verði ljúfur og blíður náungi sem geti hamið föður sinn. Hvernig er mikilvægast að ala drenginn upp?
- Hópur fjögur. Þið sýnið okkur heimsókn séra Páls og konu hans til Sturlu. Kona Páls missir stjórn á skapi sínu. Hvernig er hægt að ná sáttum?
- Hópur fimm. Það er komið að kveðjustund hjá Guðnýju og Snorra. Snorri er að fara í fóstur til Jóns Loftssonar í Odda. Hann er aðeins þriggja ára. Er þetta létt eða erfið skilnaðarstund?

Skrifað í hlutverki:

Snorri skrifar móður sinni saknaðarbréf og lýsir í leiðinni högum sínum og aðstæðum á heimili Jóns Loftsonar í Odda. Hann skrifar bréfið þegar hann er átta ára.

Sögumaður:

Snorri ólst upp í Odda og tók fljótt gleði sína. Hann lá í bókum og varð brátt hinn mesti námshestur. Hann sá mikilvægi þess að skrá niður frásagnir gamla fólksins til þess að bjarga þeim frá glötun og varði löngum tíma í það. Hann var einnig farinn að yrkja og orti langar drápur um tólf ára aldur. En þar kom að því að fóstri hans, Jón Loftsson, dó. Þá var Snorri 18 ára og Sæmundur sonur Jóns varð fósturfaðir Snorra og Snorri fór að líta í kring um sig eftir kvonfangi. Sæmundur aðstoðaði hann og einnig bræður hans, þeir Þórður og Sighvatur.

Viðtöl: (Nemendur vinna í pörum)

- A er bróðir Snorra en B er faðir tilvonandi brúðar.
- A spyr um hagi brúðarinnar, kvenkosti, heimanmund og væntanlegan bústað. B vill fá sem mest fyrir sinn snúð. Hvernig ná þeir samningum?

Sögumaður:

Hér er komið bréf frá prestinum Bersa á Borg á Mýrum. (Kennarinn dregur upp bréf sem hann hefur útbúið og les).

Hvammi árið 1199.

Kæri Snorri.

Þakka þér bréfið frá því í fyrri viku. Mér list vel á ef þú býður Hvammslandið á móti því að þú fái hana Herdís mína. Eitthvað verður þú að leggja á móti. Hún Herdís dóttir mín er ríkasta kvonfang landsins. En þar sem henni list á þig, og Hvammslandið fylgir með, þá hef ég ákveðið að af þessu geti orðið. Hvað segir þú um brúðkaup að Hvammi í sumar ?

Sögumaður:

Og hvernig gekk svo sambúðin hjá Snorra og Herdísi?

Innri raddir:

Nemendur eru í fjögurra manna hópum (það þurfa ekki allir að taka þátt). Tveir setjast á stóla andspænis hvor öðrum en hinir standa fyrir aftan þá. Þeir sem sitja tala saman en hinir túlka hugsanir þeirra. Stundum í daglega lífinu felur maður



sínar raunverulegu tilfinningar og segir ekki það sem maður meinar, það gildir einnig þegar persónur eru leiknar. Markmiðið er að fá fram hugsanir og tilfinningar persónunnar sem túlkuð er, innri raddir hennar. Hér eru það Snorri og Herdís sem sitja á stólunum og ræðast við. Þeir sem standa fyrir aftan stólana segja það sem þau eru í raunveruleikanum að hugsa.

Samviskugöng:

Nemendur stilla sér upp í tvær raðir og standa á móti hvor öðrum. Kennari í hlutverki Snorra gengur hægt og rólega á milli raðanna. Önnur röðin hvetur Snorra til að yfirgefa Herdís en hin röðin letur hann. Hvað á Snorri að gera?

Sögumaður:

Þar kom að því að Snorri og Herdís ákváðu að skilja. Herdís bjó áfram að Borg með börnin þeirra tvö, Jón og Hallberu, en Snorri settist að í Reykholti. Hann gerðist höfðingi hinn mesti og varð einn valdamesti höfðingi landsins. Hann sigldi til Noregs til þess að vingast við konung og aðra höfðingja og styrkja þannig völd sín, þó hann hafi einnig farið til þess að ná í heimildir til ritunar á sögu Noregskonunga. Snorri hélt áfram að skrifa en um leið efldi hann veldi sitt. Hann varð enn voldugri höfðingi þegar hann kom heim eftir velheppnaða för.

Fundur:

Kennari kemur inn í hlutverki Snorra (í skikkju eða með höfuðfat). Hann býður vini sína velkomna á fundinn. Segir frá velheppnaðri för sinni til Noregs og leitar síðan ráða hjá vinum sínum hvernig hann geti enn styrkt veldi sitt. Með hvaða ráðum er það hægt? Hvaða leiðir eru færar? (Væntanlega stinga nemendur upp á því að hann gifti dætur sína og er þá mikilvægt að Snorri nefni verðandi brúðguma og fái þannig fram nöfn mannanna til þess að námsefnið komist vel til skila)

Slúðurhringur:

Nemendur vinna í tveimur hópum A og B. Hópur A situr í öðru horni salarins og hópur B í hinu.

A er hópur Oddaverja sem slúðra um ástarmál Snorra, sérstaklega um það hvort hann hafi ætlað sér Sólveigu Sæmundardóttur og hvað hann ætli sér eiginlega. Hvað sé hæft í þeim orðrómi að hann sé að stíga í vænginn við ríkustu konu landsins, Hallveigu Ormsdóttur? Hvað Herdís segi við því o.s.frv.

Hópur B er heimilisfólkið á Reykholti sem þykir vænt um Snorra. Sá hópur slúðrar um Sturlu Sighvatsson. Hvers konar maður það sé eiginlega? Hvað hann ætli sér og hvers vegna hann láti svona í Snorra frænda sínum? Heyrst hefur að

hann ætli sér að giftast Sólveigu Sæmundardóttur.

Sögumaður:

Það var greinilegt að Sturla, sonur Sighvatar, ætlaði sér stóra hluti. Hann vildi meiri völd og fannst að Snorri réði of miklu. Hann réri að því öllum árum að grafa undan Snorra.

Kastljós:

Einn nemandi situr fyrir svörum. Hann er í hlutverki Sturlu, bróðursonar Snorra. Hann sest í stól fyrir framan hópinn og situr fyrir svörum nemenda og kennara. Hann þarf að svara þeim og útskýra afstöðu sína og ástæður þess að honum er illa við Snorra.

Kennsluaðferðin getur varpað ljósi á frásögnina eða ástæður fyrir framvindu sögunnar.

Sögumaður:

Leikar æsast. Kolbeinn ungi hafði skilað Hallberu og sagði að hún væri klikkuð og Gissur hafði skilað Ingibjörgu. Nú blossuðu upp deilur um jarðir og mannaforráð þegar átti að skipta.

Spuni: Nemendum er skipt í 4 til 5 manna hópa og eiga að semja spuna út frá eftirfarandi atburðum:

Hópur eitt:

Þið fáid það verkefni að búa til spuna um það þegar Sturla boðar Gissur Þorvaldsson á sinn fund við Apavatn. Hann þykist vilja rabba við Gissur en lætur handtaka hann og niðurlægir. Hann þvingar Gissur til að vinna sér hollustueið og lofa sér að hverfa úr landi á fund Hákonar konungs. Hvernig líður Gissuri?

Hópur tvö:

Þið vinnið spuna sem byggir á því að Gissur verður heitt í hamsi og gerir bandalag við Kolbein unga og þeir lenda í bardaga við Sighvat og syni hans að Örlygsstöðum árið 1238. Hvernig fór sá bardagi, hverjir unnu?

Hópur þrjú:

Þið vinnið spuna sem byggir á því að sendiboði kemur til Snorra til Noregs og segir honum þau tíðindi að Sighvatur bróðir hans hafi verið drepinn ásamt fjórum sonum sínum, (Sturlu, Kolbeini, Þórði og Markúsi), en að Tumi og Þórður kakali haldið lífi. Snorra bregður við tíðindin. Hann vill halda heim en áður segir Skúli jarl honum að hann ætli sér að gera uppreisn gegn Hákonu



konungi þótt hann sé tengdasonur hans. Hann sé orðinn of ráðríkur. Snorri lofar að þegja yfir leyndarmálinu. En þegar Snorri ætlar að halda heim til Íslands þá bannar Hákon konungur öllum mönnum sínum að fara til Íslands. Hvað gerir Snorri þá?

Hópur fjögur:

Þið semjið þátt sem segir frá því að Hallveig, kona Snorra, er orðin alvarlega veik og deyr að lokum. Snorri syrgir hana mjög. Hann fær þær slæmu fréttir að Skúli jarl hafi gert misheppnaða uppreisn og sé fallinn. Snorri var nú í vondum málum því konungurinn var honum örugglega reiður fyrir að óhlýðnast og fara til Íslands og nú var enginn til að tala máli hans. Synir Hallveigar, þeir Ormur og Klængur, vilja fá arfinn sinn en Snorri vill bara láta þá fá smá hluta. Þeir verða reiðir og klega í Gissur Þorvaldsson föðurbróður sinn, óvin Snorra. Þá sér Gissur sér leik á borði að klekkja á Snorra. Hvernig ætlar hann sér að fara að því?

Hópur fimm:

Þið semjið atriði um víg Snorra. Hverjir komu þar við sögu? Hvernig gerðist það og hvernig náði Gissur sínu fram? Hverjir drápu Snorra og hvernig?

Örlagavefur:

Allir standa í hring. Kennari byrjar á því að henda hnykli yfir hringinn og segir um leið eina setningu sem tengist örlögum Snorra og hver og einn nemandi gerir slíkt hið sama um leið og hann hendir hnyklinum til næsta manns. Nemendur verða að gæta þess að halda vel í spottann. Þegar hnykillinn hefur farið hringinn er vefurinn lagður á gólfið og líkist þá fallegum kóngulóarvef. Nemendur geta síðan skrifað á litla miða vangaveitur sínar um tilfinningar Snorra og sett miðana í hólfin á vefnum. Í lokin ganga allir á milli og skoða og ræða það sem stendur á miðunum.

Umræður um söguna.